



Sjávarútvegs- og landbúnaðráðuneytið

Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 20. janúar 2012
nr. erindis 1112036 GS

Efni: Úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2011/2012

Á fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar, sem haldinn var í gær, 19. janúar 2012 var tekið fyrir bréf ráðuneytisins, dags. 21. desember 2011 varðandi umsókn um byggðakvóta fiskveiðiársins 2011/2012.


Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur samþykkt eftirfarandi reglur um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2011/2012. Ákvæði reglugerðar 1182/2011 gilda með eftirfarandi breytingu á 4. gr. reglugerðarinnar. Bátar geta fallið undir alla neðangreinda liði að uppfylltum skilyrðum.

- A) 155 þorskígildistonnum skal úthlutað til þeirra sem orðið hafa fyrir samdrætti í vinnslu á skel. Einungis þeir aðilar sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti verði úthlutað hlutdeild samkvæmt þessum lið. Það eru bátar þeirra útgerða sem eiga aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2011 og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum og aðilar sem keypt hafa báta eða útgerðir sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum. Byggðakvótanum verði úthlutað í hlutfalli við aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2011. Nú á útgerðin aðra báta sem hlutdeildin er ekki á og er henni heimilt að láta Fiskistofu úthluta byggðakvótanum á þá, svo framarlega sem útgerð og eigandi er sami aðilinn.
- B) 24 þorskígildistonnum skal úthlutað vegna samdráttar í veiðum og vinnslu á úthafsækju í Stykkishólmi. Einungis bátum þeirra aðila sem orðið hafa fyrir samdrætti í veiðum og vinnslu á úthafsækju í Stykkishólmi, á fiskveiðiarinu 2004/2005 samkvæmt reglugerð nr. 273/2005, verði úthlutað jöfn hlutdeild samkvæmt þessum lið, enda geri umsækjandi sérstaklega grein fyrir skerðingunni í umsókn sinni.
- C) 150 þorskígildistonnum skal úthlutað í hlutfalli við afla í þorskígildum sem keyrður var beint til vinnslu í Stykkishólmi og/eða landaðan afla í þorskígildum í

Stykkishólmshöfn. Aðeins þeir bátar sem flutt hafa beint til vinnslu í Stykkishólmi og/eða landað í Stykkishólmshöfn afla sem nemur samtals 20 þorskígildistönnum eða meira á fiskveiðiárinu 2010/2011 fá útlutað samkvæmt þessum lið.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,


Gyða Steinsdóttir,
bæjarstjóri.

